

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 55/2023**

**frá 17. mars 2023**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2580 frá 17. júní 2022 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem fyrirtæki á að leggja fram í umsókn um starfsleyfi sem lánastofnun og tilgreina hindranirnar sem geta komið í veg fyrir skilvirkt eftirlit lögbærra yfirvalda <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2581 frá 20. júní 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar veitingu upplýsinga í umsókn um starfsleyfi sem lánastofnun <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2453 frá 30. nóvember 2022 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637 að því er varðar birtingu upplýsinga um umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu <sup>(3)</sup>.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14ag (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637):

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 335, 29.12.2022, bls. 64.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 335, 29.12.2022, bls. 86.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 324, 19.12.2022, bls. 1.

„– **32022 R 2453**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2453 frá 30. nóvember 2022 (Stjtið. ESB L 324, 19.12.2022, bls. 1).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 14q (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/461):

„14r. **32022 R 2580**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2580 frá 17. júní 2022 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem fyrirtæki á að leggja fram í umsókn um starfsleyfi sem lánastofnun og tilgreina hindranirnar sem geta komið í veg fyrir skilvirkt eftirlit lögbærra yfirvalda (Stjtið. ESB L 335, 29.12.2022, bls. 64).

14s. **32022 R 2581**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2581 frá 20. júní 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar veitingu upplýsinga í umsókn um starfsleyfi sem lánastofnun (Stjtið. ESB L 335, 29.12.2022, bls. 86).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2580 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/2581 og (ESB) 2022/2453, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.